

Uppeldi drengja til kvenmennsku – birtist á Vísi 5. Okt. 2018

Kvenfrelsarar af ýmsu tagi hafa margoft bent á nauðsyn þess að breyta karlmennskunni, enda væri hún skaðleg öllum – konunum þó sérstaklega. Þeir hafa skiljanlega lagt áherslu á uppeldi drengja í þessu skyni. Birgja skyldi brunninn. Stundum hefur ásetningur þeirra fengið giska skoplegt yfirbragð, t.d. þegar mæður og fóstur/leikskólakennarar harðneita drengjum að leika sér bifreiðum, en ota að þeim dúkkum í staðinn. Þar mætast venjulega stálin stinn. En viðhorf til blárra drengja og bleikra stúlkna eru þó seiglíf.

Bandaríski barnageðlæknirinn, Kyle D. Pruett (f. 1943), hefur margt skynsamlegt ritað um uppeldi í árunna rás. Hann bendir m.a. á, að rannsóknir leiði í ljós mjög frábrugðið viðmót fullorðinna gagnvart kornabörnum, stúlkum og drengjum. Blái drengurinn er síður faðmaður, það er minna við hann talað og meira með hann hnoðast en stúkubörnin. Honum er gjarnan lýst sem stórum, styrkum og sjálfstæðum. Bleiku stúlkunni er fremur lýst sem viðkvæmri og mjúkri um leið og meira er lesið fyrir hana og meira við hana gælt. Sé drengur klæddur í bleikt, breytist viðmótið í dæmigert stúlkubarnsviðmót. Með drengjum er síður ræktaður hæfileikinn til aðhlyningar, nærandi umhyggju og tilfinninganæmis. Hæfileikann hafa bæði kyn fengið í vöggugjöf.

Í gamni og alvöru má geta þess, að á Íslandi eru reifabörn enn íklædd bleiku eða bláu eftir því, hvernig þau líta út til klofsins. Þau koma yfirleitt í heiminn við hjálp ljósmæðra. Ljósfeður eru útdauðir (eða því sem næst). Svipaða sögu má um karlkyns uppalandur segja. Konur ráða því að miklu leyti ríkjum í heimi drengjanna. Við lifum nýja tíma í mannkynssögunni, þar sem börn af báðum kynjum eru nær einvörðungu alin upp af konum. Hver skyldu svo áhrifin vera? Býsna umhugsunarverð trúi ég. Stundum er talað um sálarkreppu föðurlausra drengja eða pilta, sem hafa ófullnægjandi tilfinningasamband við föður sinn eða ígildi hans.

Umræddir drengir eiga erfitt með að átta sig á kynímynd sinni. Í heimi kvennanna leitast sumir þeirra við að tileinka sér kvenlega hugsun og látæði og koma til móts við þarfir kvennanna. Algeng tilbrigði; sumir eru þvingaðir til að leika eins konar elskhuga- og húsbóndahlutverk; sumir verða sálusorgarar mæðra sinna; sumir verða ofurháðir mæðrum sínum (konum) og reyna af öllu afli að „tillíkjust“ þeim; sumir skirrast við nálægð þeirra, nálægð verður þeim ógnvænleg. Þegar þessir drengja yfirgefa heim uppeldiskvennanna, virðast þeir stundum óvelkomnir í heim karlanna, sem þeir bera takmarkað skynbragð á. Algeng viðbrögð; draga sig til hlés, sýna óframfærni í kynlífi og vankunnáttu um samskipti kynjanna; sýna ungæðishátt í hátterni og hugsun; verða óábyrgir og skeytingarlausir; sýna lögum og reglum vanvirðu.

Heimi karlanna kynnast ofangreindir drengir sem sagt af viðhorfum uppeldiskvennanna. Þau sýnast oft og tíðum neikvæð, mörkuð skilningsleysi. Reynsluheimur karla er skiljanlega framandi konum. Drengir (og vitaskuld stúlkur einnig) kynnast karlmennskunni sömuleiðis í tölvuleikjum og kvikmyndum. Fjölmíðlar eru enn þá ein heimild þeirra um karlmenskuna. Venjulega eru karlmenn þar ýmist kynntir til sögu sem ofurhetjur, skúrkar eða kúgarar kvenna með ýmsum hætti, sbr. fréttáflutning RÚV.

Fjarvera föður leiðir venjulega til skorts á nánnum tengslum við karlmann og þess vegna skorts á náinni karlfyrirmynd. Þetta er jarðvegur ýmis konar truflana á sálinni, m.a. því að átta sig á,

hvaða kyni þeir eiginlega tilheyri. Sumir hrekjast út í kynsamsömunarkreppu. Vel kann svo að vera, að ýgi drengja, sem alast upp meðal kvenna, megi rekja til ómeðvitaðra þarfa um að verða einhvers konar ofurkarl, karl í krapinu. Slíkt endar þó venjulega í hryggilegri og ofbeldisfullri skopstælingu. Lífið verður um megn. Þeir skammast sín fyrir kyn sitt og sjálfa sig, verða helteknir kynskömmustu. Sumir drekkja sér í vímu, aðrir velja að binda enda á líf sitt. Við hljótum að spyrja þeirrar spurningar; hvernig megi bæta úr? Ábyrgðin er okkar allra. En þegar stórt eru spurt, verður einatt fátt um svör. En vísbendingu er að fá í vönduðum vísindarannsóknum. Það hefur nefnilega þrásinnis verið sýnt fram á, að föðurnánd hafi góð og afgerandi áhrif á líf og sál drengja (og stúlkna að sjálfsögðu).

Höfundur er ellilífeyrisþegi